

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. maí 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við varahluti vegna viðgerðar á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 1. febrúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og fylgigögnum með henni, kemur fram að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 27. febrúar 2012. Er bifreiðin af gerðinni Toyota Avensis Wagon Sol Turbo Diesel, fyrst skráð hinn 11. mars 2004, var bifreiðin ekin 357.000 km. á kaupdegi og var kaupverð kr. 950.000.

Segir álitsbeiðandi að við skoðun á bifreiðinni fyrir kaup hafi logað vélarljós. Var bifreiðin lesin og kom í ljós að um bilun í túrbínu var að ræða. Eftir rúmlega tveggja vikna akstur hætti vél bifreiðarinnar að ganga. Álitsbeiðandi kveðst vinna á Z og hafi hann því bókað bifreiðina í bilanagreiningu hinn 13. mars 2012. Í bilanagreiningu hafi komið í ljós að háþrýstidæla í olíuverki var ónýt. Þá kveðst álitsbeiðandi ekki hafa fengið afhent sumardekk sem hann hafi átt að fá við kaupin. Hinn 11. júní 2012 var bifreiðin leyst út hjá verkstæði Z. Svokölluð CR dæla hafði bilað og hafi verið skipt um hana, en skiptin hafi ekki borið árangur. Eftir mikla vinnu, bilanaleit og ráðleggingar bæði á Íslandi og Toyota í Evrópu hafi komið í ljós að svokölluð spóla var vitlaust stillt. Eftir að spólan hafði verið stillt með tölvu fór vél bifreiðarinnar að ganga vandkvæðalaust. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir viðgerð á bifreiðinni. Kveðst álitsbeiðandi hafa boðið seljanda að hann greiddi fyrir varahluti en álitsbeiðandi fyrir vinnu, en því hafi seljandi hafnað. Þá tekur álitsbeiðandi fram að settur hafi verið fyrirvari í kaupsamning og afsal vegna vélarljóss í mælaborði.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var kaupsamningur og afsal vegna bifreiðarinnar, dags. 27. febrúar 2012, upplýsingablað vegna viðgerðar frá verkstæði Z, dags. 22. mars og tveir reikningar vegna viðgerða, annar dags. 26. júlí 2012 að fjárhæð kr. 242.750 og hinn, dags. 7. ágúst 2012, að fjárhæð kr. 105.030. Af áður nefndum reikningum má ráða að kostnaður við varahluti sé kr. 144.517 auk virðisaukaskatts, samtals kr. 181.369.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 27. febrúar 2012 fyrir kr. 950.000. Er bifreiðin af gerðinni Toyota Avensis Wagon Sol Turbo Diesel og er fyrsti skráningardagur hennar 11. mars 2004.

Bifreiðin var því tæplega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 357.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 27. febrúar 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni kemur fram að bifreiðinni muni fylgja sumardekk sem seljandi muni afhenda kaupanda. Seljanda bar því að tryggja að álitsbeiðandi fengi umrædd sumardekk í hendur. Það er álit kærunefndarinnar, enda þótt sumardekkinn kunni ekki að hafa verið til staðar þegar kaupin voru gerð, að seljandi sé engu að síður bundinn af þessu samningsákvæði. Mátti álitsbeiðandi búast við því að fá sumardekkinn afhent við kaupin eða þá síðar. Það er því álit kærunefndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin galla að þessu leyti í skilningi 17. gr. laga nr. 48/2003 og úr honum sé seljanda skylt að bæta með því að afhenda álitsbeiðanda sumardekk. Að öðrum kosti ber seljanda að greiða álitsbeiðanda fjárhæð sem svarar kaupverði á sumardekkjum.

Í kaupsamningi og afsali er tekið fram að í mælaborði bifreiðarinnar logi vélarljós og að við lestur komi fram að það ljós logi vegna túrbínu bifreiðarinnar, séu kaupin séu gerð með þeim fyrirvara um að ekki sé um alvarlega bilun að ræða. Um tveimur vikum eftir kaupin varð bifreiðin óökufær. Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni gekk erfiðlega að greina hvað amaði að bifreiðinni, en að lokum kom í ljós að skipta þurfti um CR dælu, auk þess sem stilla þurfti svokallaða spólu, en þessi atriði munu vera ástæða þess að áður nefnt vélarljós logaði í mælaborði bifreiðarinnar. Af þessum viðgerðum hlaut nokkur kostnaður sem álitsbeiðandi hefur greitt fyrir samtals kr. 348.780. Að mati kærunefndarinnar var því um alvarlega bilun að ræða á umræddri bifreið. Álitsbeiðandi hefur gert þá kröfu að seljandi greiði fyrir kostnað við varahluti vegna viðgerðanna, en sá kostnaður nemur kr. 181.369 samkvæmt framlögðum reikningum. Að mati kærunefndarinnar verður ekki annað ráðið af áður nefndum fyrirvara en að seljanda sé skylt að greiða fyrir þann hluta af viðgerðarkostnaði, sem tók til varahluta, til samræmis við kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda X, kr. 181.369. Þá er seljanda skylt að afhenda álitsbeiðanda sumardekk eða greiða honum að öðrum kosti fjárhæð sem svarar kaupverði slíkra dekkja.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir